

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 281/1997.

Birnir Bergsson

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabætur. Líkamstjón. Örorka. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.221.338 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. júní 1996 til greiðsludags.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að sér verði gert að greiða áfrýjanda lægri fjárhæð en hann krefst.

I.

Áfrýjandi varð fyrir meiðslum 15. september 1993, þegar bifreið, sem hann ók, fór út af þjóðvegi og valt. Leiddu meiðslin meðal annars til þess, að hann var óvinnufær allt til 24. ágúst 1995. Eigandi bifreiðarinnar hafði keypt lögboðnar vátryggingar vegna hennar hjá stefnda. Hann hefur þegar greitt áfrýjanda umsamdar bætur í skjóli slysatryggingar ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 vegna varanlegrar örorku, varanlegs miska og þjáninga, svo og útlagðan kostnað og innheimtupóknun lögmanns. Málsaðilar hafa jafnframt samið um heildarfjárhæð bóta handa áfrýjanda vegna tímabundinnar örorku, og hefur stefndi greitt hluta þeirrar fjárhæðar. Stefndi telur áfrýjanda hafa fengið tjón sitt af þessum sökum að fullu bætt með þeirri greiðslu, þar sem draga verði frá umsaminni fjárhæð þessara bóta samtals 2.221.338 krónur, sem óumdeilt er, að áfrýjandi hafi fengið úr þremur lífeyrissjóðum og frá sjúkrasjóði stéttarfélags á tímabilinu, sem hann var óvinnufær. Áfrýjandi telur hins vegar, að greiðslur þessar eigi ekki að koma til frádráttar bótum, og krefur stefnda um samanlagða fjárhæð þeirra í málinu. Ágreiningur aðila lýtur að því, hvort með réttu eigi að draga

greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga frá bótum fyrir tímabundið atvinnutjón samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

II.

Við skýringu 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga verður að hafa í huga, að ákvæðið er reist á þeirri meginreglu skaðabótaréttar, að tjónþoli skuli ekki eiga rétt á hærri bótum en svara raunverulegu fjártjóni hans. Því til samræmis leiðir af ákvæðinu, að greiðslur, sem tjónþoli nýtur úr hendi þriðja manns vegna tímabundins atvinnutjóns, verða að meginreglu dregnar frá kröfu tjónþola um skaðabætur fyrir það tjón. Telja verður, að meginregla þessi gildi þó almennt ekki um greiðslur frá þriðja manni, sem tjónþoli hefur unnið rétt til með endurgjaldi úr eigin hendi. Verður því við skýringu 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga að líta svo á, að greiðslur af þeim toga, sem hér um ræðir, komi ekki til frádráttar skaðabótum, nema til þess standi skýlaus lagaheimild.

Í málinu liggja fyrir reglugerðir fyrir þá lífeyrissjóði og þann sjúkrasjóð, sem áfrýjandi naut greiðslna frá, á meðan hann var óvinnufær af völdum fyrrnefnds slyss. Af reglugerðum þessum er ótvírætt, að réttur áfrýjanda til greiðslna réðst af framlögum í þágu hans til hlutaðeigandi sjóða. Þótt slík framlög hafi að nokkru verið greidd af vinnuveitendum áfrýjanda, breytir það ekki því, að þau voru hluti af þeim heildarlaunakjörum, sem hann naut eftir lögum og kjarasamningum. Svarar þetta því til þess, að áfrýjandi hafi unnið rétt til umræddra greiðslna með endurgjaldi úr eigin hendi.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga dragast frá bótum fyrir tímabundið atvinnutjón laun tjónþola í veikinda- eða slysaförföllum, dagpeningar og aðrar bætur frá opinberum tryggingum fyrir slíkt tjón og vátryggingarbætur, þegar greiðsla vátryggingafélags er raunveruleg skaðabót. Að auki skulu dragast frá bótum „sambærilegar greiðslur, sem tjónþoli fær, vegna þess að hann er ekki fullvinnufær“. Eftir orðalagi ákvæðisins er ekki kostur á að fella undir það greiðslur úr lífeyrissjóðum eða frá sjúkrasjóðum stéttarfélaga nema í skjóli þeirra orða, sem hér síðast var vitnað til. Umræddar greiðslur eru aðeins að nokkru leyti sambærilegar launum í veikinda- eða slysaförföllum. Þeim verður ekki heldur jafnað til bóta frá

opinberum tryggingum, enda eru slíkar bætur almennt ekki háðar endurgjaldi úr hendi tjónþola. Vátryggingarbótum, sem um ræðir í ákvæðinu, svipar vissulega í ýmsu til þeirra greiðslna, sem áfrýjandi naut úr lífeyrissjóðum, þegar hann var óvinnufær. Ummæli ákvæðisins um þetta efni fela hins vegar ekki í sér skýlausa lagaheimild, svo sem áskilja verður samkvæmt áðursögðu, ef stefndi ætti að njóta góðs af greiðslum til áfrýjanda úr lífeyrissjóðum, sem hann vann sér rétt til með endurgjaldi sínu. Með því að slík lagaheimild verður ekki fundin í 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga eða öðrum ákvæðum laga, verður ekki fallist á það með stefnda, að draga eigi umræddar greiðslur til áfrýjanda frá bótum hans fyrir tímabundið atvinnutjón, hvorki í heild né að hluta.

Samkvæmt framangreindu verður krafa áfrýjanda tekin til greina, en um fjárhæð hennar er ekki ágreiningur. Með vísan til fyrri málsliðar 15. gr. vaxtalaga verður stefndi dæmdur til að greiða kröfu áfrýjanda með dráttarvöxtum frá 21. júní 1996, en þann dag var liðinn mánuður, frá því að áfrýjandi beindi kröfu til stefnda um bæt看 á þeim grundvelli, sem málið hefur síðan verið reist á.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafist, hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti, og verður hann því ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., greiði áfrýjanda, Birni Bergssyni, 2.221.338 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. júní 1996 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. apríl 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars sl., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 14. ágúst 1996.

Stefnandi er Birnir Bergsson, kt. 180461-7799, Vallartúni 8, Keflavík.

Stefndi er Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6–8, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum 2.221.338 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 12. júní 1996 til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda.

Aðallega, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda í málinu. Til vara er krafist lækkunar.

Af hvorugum var gerð krafa um málskostnað.

Málavextir.

15. september 1993 slasaðist stefnandi í bílveltu, er hann var ökumaður bifreiðar sinnar, R-4620. Stefnandi slasaðist töluvert í slysinu. Dr. Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku stefnanda, og er matsgjörð hans dags. 13. september 1995. Var niðurstaða matsins sú, að varanleg örorka stefnanda væri 50%. Stefndi undi ekki mati þessu og krafðist þess, að málið yrði lagt fyrir örorkunefnd, sbr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Lá niðurstaða örorkunefndar fyrir 11. maí 1996, og taldi nefndin, að stefnandi hefði orðið fyrir 40% varanlegri starfsorkuskerðingu.

Eftir niðurstöðu örorkunefndar var gengið til uppgjörs, sem báðir aðilar sættu sig við að undanskildu því álitafni, hvernig skýra bæri 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þ. e., hvort draga bæri greiðslur, sem stefnandi hefur fengið úr lífeyrissjóðum og verkalýðsfélagi, meðan hann var talinn óvinnufær, frá kröfu hans á hendur stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er upplýst, að fram að uppgjöri bótamálsins hafi stefnandi notið greiðslna úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóði stéttarfélags, að fjárhæð 3.496.744 kr. Sú fjárhæð sé óumdeild. Ágreiningur aðila snúist um það, hvort stefndi geti dregið fjárhæðina frá við greiðslu bóta og þannig komist hjá því að greiða fullar bætur vegna réttinda, sem stefnandi hafi áunnið sér.

Eftir höfðun málsins greiddi stefndi 1.275.406 kr. sem svarar greiðslum framangreindra sjóða, sem féllu til eftir 24. ágúst 1995, þ. e., eftir að stefnandi varð vinnufær. Stendur ágreiningur aðila eingöngu um fjárhæðina 2.221.338 kr.

Í kjölfar slyssins hafi stefnandi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni ásamt varanlegri örorku. Í 1. ml. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé skýrt tekið fram, að greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkams-tjóns og varanlegrar örorku í kjölfar þess, þ. á m. greiðslur úr lífeyrissjóði, dragist ekki frá skaðabótakröfu. Verði að telja, að greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags falli þarna undir, enda standi ekki rök til þess að gera greinarmun á slíkum greiðslum og greiðslum úr lífeyrissjóðum. Frádráttur komi því ekki til greina, hvað þennan hluta kröfunnar verði, þ. e. þann hluta, sem snýr að greiðslum vegna varanlegrar örorku stefnanda.

Í 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga sé fjallað um greiðslur fyrir tímabundið atvinnutjón tjónþola. Þar segi, að frá skaðabótum skuli draga laun í veikinda-

eða slysaförföllum, dagpeninga og aðrar bætur frá opinberum tryggingum fyrir tímabundið atvinnutjón og váttryggingarbætur, þegar greiðsla váttryggingafélags er raunveruleg skaðabót, svo og sambærilegar greiðslur, sem tjónþoli fær, vegna þess að hann er ekki fullvinnufær. Í greinargerð með lögunum segi m. a. um þetta ákvæði, að með því séu ekki gerðar breytingar frá gildandi rétti. Verði því að ætla, að réttarstaðan nú sé hin sama um þetta atriði og fyrir gildistöku skaðabótalaga 1. júlí 1993.

Í framkvæmd við uppgjör slysamála fram að gildistöku skaðabótalaga hafi verið gert ráð fyrir því, að greiðslur úr lífeyrissjóðum eða sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga væru ekki dregnar frá skaðabótakröfu á hendur bótaskyldum aðila. Þessari reglu hafi verið fylgt, m. a. með hliðsjón af dómum Hæstaréttar, þar sem því hafi verið hafnað að draga greiðslur úr lífeyrissjóðum og sambærilegar greiðslur frá bótum vegna missis framfæranda. Auk þess hafi íslenskir fræðimenn látið þá skoðun sína í ljós, að bætur úr þessum sjóðum eigi ekki að draga frá skaðabótakröfu.

Í 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga sé þess ekki getið, að áðurnefndar greiðslur eigi að koma til frádráttar. Greinargerð með ákvæðinu taki ekki heldur af skarið. Í stað þess sé gert ráð fyrir óbreyttu réttarástandi. Hæðarleikur hefði verið fyrir löggjafann að taka það skýrt fram, ef greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga hefðu átt að koma til frádráttar skaðabótakröfu á hendur bótaskyldum aðila. Þar sem slíkar bætur séu meðal þeirra algengustu frá þriðja manni, þegar slys verði á mönnum, verði einnig að telja, að nauðsynlegt hafi verið að taka það skýrt fram, ef sú hafi verið ætlunin. Þetta styðji það sjónarmið, að greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga eigi ekki að koma til frádráttar skaðabótakröfu á hendur bótaskyldum aðila.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er við það miðað, að þær greiðslur, sem stefnandi fékk frá lífeyrissjóðum og sjúkrasjóði á þeim tíma, er hann var óvinnufær, þ. e. frá slysdegi til 25. ágúst 1995, eigi að draga frá bótagreiðslum stefnda. Um sé að ræða greiðslur frá Lífeyrissjóði Austurlands, 1.956.047 kr., Lífeyrissjóði Suðurnesja, 135.283 kr., Lífeyrissjóði sjómanna, 44.383 kr., og Sjúkrasjóði Verkalýðsfélagsins Árvakurs, Eskifirði, 85.625 kr., samtals 2.221.338 kr. Þetta séu greiðslur inn á tímabundið tjón að mati stefndu. Í 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 segi, hvernig með þær skuli farið. Í 2. mgr. greinarinnar sé fjallað um frádráttarliði og greinin að mestu leyti skýr í þessu efni. Í niðurlagi greinarinnar sé þó talað um sambærilegar greiðslur, og hverjar greiðslur teljist sambærilegar, sé aðalágreiningsefni máls þessa.

Að mati stefnda er hér m. a. átt við lífeyrissjóðs- og sjúkrasjóðsgreiðslur

a. m. k. að því marki, sem þær lækki tjón stefnanda, eins og hér sé raunin, og því beri að draga þær frá bótum fyrir tímabundið tjón.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga dragist greiðslur frá lífeyrissjóði ekki frá bótum vegna varanlegrar örorku. Meðal röksemda fyrir því, að svo skuli vera, sé það, að þegar um sé að ræða bætur vegna varanlegrar örorku, sé oftast umdeilanlegt, hve mikið fé þurfi til þess að gera hlut tjónþola jafnan því, sem hann hefði verið, ef tjónsatburðurinn hefði ekki gerst. Þetta megi til sanns vegar færa, en allt öðru máli gegni hins vegar um tímabundna tjónið. Þar sé tiltölulega einfalt að sjá, hvert það sé hverju sinni.

Hvers vegna hafi ekki verið getið um það í greininni, eins og gert sé í 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga um varanlega tjónið, ef það hafi verið vilji löggjafans, að þessar greiðslur ætti ekki að draga frá bótum? Það sé meginregla í skaðabótarétti, að tjónþoli eigi ekki að fá hærri bætur en þurfi til þess að bæta raunverulegt tjón. Ljóst sé, að ekki hafi staðið til að breyta þessu með setningu skaðabótalaga.

Í málinu liggir fyrir, að verði sjónarmið stefnanda viðurkennd og lögð til grundvallar við lausn málsins, yrði tímabundið tjón hans ofbætt sem næmi 2.221.338 kr. Fráleitt sé að fallast á slíkt, nema skýr fyrirmæli laga séu lögð til grundvallar, og því beri að sýkna. Að mati stefnda styðja ákvæði 1. mgr. 17. gr. skaðabótalaga þessa niðurstöðu, en ekki þyrfti þar að tala um endurkröfu lífeyrissjóds, ef slíkar bætur drægjust aldrei frá váttryggingarbótum.

Um lækkunarkröfu stefnda er m. a. lögð áhersla á þá staðreynd, að lífeyrisréttindi þau, er gert hafi stefnanda kleift að fá þær greiðslur, er hér um ræðir, hafi orðið til á þann veg, að 10% af launum stefnanda séu greidd í lífeyrissjóð, og skiptist framlagið þannig, að 4% komi frá launþeganum, en 6% frá atvinnurekanda.

Að mati stefnda ætti a. m. k. að vera óumdeilt, að hlutur atvinnurekandans í réttindunum ætti að dragast frá að fullu.

Því sjónarmiði stefnanda, að fyrir gildistöku skaðabótalaga hafi greiðslur úr lífeyrissjóði og sjúkrasjóði ekki dregist frá bótum, er mótmælt. Hæstiréttur hafi nokkrum sinnum fjallað um þetta álitamál og komist að þeirri niðurstöðu, að greiðslur þessar skipti máli við endanlega ákvörðun bóta.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila er um túlkun 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Grein þessi fjallar um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

Frá því að stefnandi slasaðist 15. september 1993 og til 25. ágúst 1995, fékk hann vegna tímabundins atvinnutjóns greiðslur frá Lífeyrissjóði Austurlands 1.956.047 kr., Lífeyrissjóði Suðurnesja 135.283 kr., Lífeyrissjóði sjómanna 44.383 kr. og Sjúkrasjóði Verkalýðsfélagsins Árvakurs, Eski-

firði, 85.625 kr., samtals 2.221.338 kr., en það er fjárhæð dómkröfu stefnanda.

Hin umdeilda 2. mgr. 2. gr. skaðabótalaga er svohljóðandi:

„Frá skaðabótum skal draga laun í veikinda- eða slysaförföllum, dagpeninga og aðrar bætur frá opinberum tryggingum fyrir tímabundið atvinnutjón og váttryggingabætur, þegar greiðsla váttryggingafélags er raunveruleg skaðabót, svo og sambærilegar greiðslur, sem tjónþoli fær, vegna þess að hann er ekki fullvinnufær.“

Telja verður, að greiðslur þær, sem stefnandi fékk úr ofantöldum sjóðum, falli undir „sambærilegar greiðslur, sem tjónþoli fær, vegna þess að hann er ekki fullvinnufær“.

Skoðun þessi styðst m. a. við það, að í athugasemdum um 2. mgr. 2. gr. laganna segir m. a.: „Með 2. mgr. eru ekki gerðar breytingar frá gildandi rétti. Föst dómvenja er um að draga hvers kyns laun og dagpeninga, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna slyss, frá skaðabótakröfu hans á hendur hinum bótaskylda.“

Jafnframt segir m. a. svo í greinargerð með frumvarpi til skaðabótalaga:

„Meðal váttryggingarbóta, er draga ber frá skaðabótakröfu skv. 2. mgr., eru dagpeningar frá samningsbundinni atvinnuslysatryggingu launþega. Ákvæði 2. mgr. um frádrátt eru í fullu samræmi við núgildandi reglur.“

Hér er og á þá meginreglu skaðabótaréttar að líta, að tjónþoli skal ekki fá hærri bætur en með þarf til þess að bæta raunverulegt tjón. Því er ómót-mælt haldið fram af hálfu stefnda, að verði sjónarmið stefnanda viðurkennd og lögð til grundvallar við niðurstöðu málsins, yrði tímabundið fjártjón stefnanda ofbætt sem nemur dómkröfu hans.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er sýknukrafa stefnda tekin til greina.

EKKI er gerð krafa um málskostnað í málinu.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Birnis Bergssonar, í máli þessu.